

Siðareglur VFÍ (Drög 6)

Virðing og jafnrétti

Félagar VFÍ sýna fólki tillitssemi og virðingu, óháð kyni, lífskjörum, þjóðfélagsstöðu, menningu, þjóðerni og kynþætti

Þetta felur í sér að:

- koma fram af tillitssemi, sanngirni, vinsemd og virðingu við annað fólk
- halda ávallt í heiðri góða siði og grundvallargildi samfélagsins
- hafa í heiðri jafnrétti kynja og kynþátta
- virða fag- og ábyrgðarsvið annarra og vinnuframlag þeirra
- stuðla að góðum starfsanda með einlægni, heiðarleika og umburðarlyndi

Fagleg ábyrgð og ráðvendni

Félagar VFÍ gera sér grein fyrir faglegri ábyrgð sinni og vinna í samræmi við viðurkenndar gæðakröfur

Þetta felur í sér að:

- viðhalda og endurnýja stöðugt þekkingu sína og færni
- deila þekkingu sinni og færni með samstarfsfólki
- vinna verk sín af faglegri ábyrgð og eftir bestu samvisku
- virða lög og reglur samfélagsins og stéttar sinnar
- gæta hagsmuna viðskiptavina sinna
- gera grein fyrir þeim tengslum eða hagsmunum, sem gætu gert starf þeirra tortryggilegt
- taka ekki við þóknun eða fríðindum frá þriðja aðila í sambandi við verkið eða bjóða fram til þriðja aðila slíka þóknun eða fríðindi

Samfélagsleg ábyrgð og sjálfbærni

Félagar VFÍ eru meðvitaðir um áhrif verka sinna á samfélag, umhverfi og náttúru

Þetta felur í sér að:

- setja ávallt í öndvegi öryggi, heilsu og velferð almennings
- gæta þess, að tæknilegar lausnir séu miðaðar við sjálfbærni og ábyrga nýtingu auðlinda
- vera heiðarlegur og hreinskilinn um margþætt áhrif tæknilegra lausna og annarra verkefna, og greina á viðeigandi vettvangi frá atriðum sem gætu ógnað öryggi almennings eða verið skaðleg umhverfinu
- taka virkan þátt í upplýstri opinberri umræðu um samfélagsleg málefni þegar hún beinist að fagsviði verkfræðingsins